

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Grundarhverfi, Selfossi, deiliskipulagsbreyting.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti 2. október 2024 breytingu á deiliskipulagi Grundarhverfis á Selfossi. Breytingin tekur til skipulags gatna og lóða eins og hverfið er í núverandi mynd. Þá er bætt við einni byggingarlóð sem áður var skilgreind sem nær-leiksvæði.

Deiliskipulagið tekur til skipulags gatna og lóða eins og hverfið er í núverandi mynd. Bætt er við einni byggingarlóð sem var áður skilgreind sem nær-leiksvæði. Breytingar á uppdrætti og í greinargerð eru eftirfarandi:

Raðhúsaloðin Grenigrund 18-24 verður 18-24A.

Birkigrund 1-7, 2-8, 11-17 og 34-40 úr raðhúsaloðum í parhúsaloðir.

Lega götu og stíga í Furugrund löguð að raunlegu.

Lóðaskipan við Furugrund löguð að raunskipan.

Lóð fyrir leiksvæði breytt í byggingarlóð, Furugrund 24A.

Byggingarreitir endurskoðaðir á öllu svæðinu.

Settar inn allar lóðarstærðir, nýtingarhlutfall og hámarks-mænishæð.

Lóðir við Birkigrund og Furugrund sem snúa út að Langholti fá 5 m viðbótarland í samræmi við samþykkt bæjarráðs um skilmála fyrir viðbótarland/-lóðir, frá 2. maí 2024.

Ýmsar minni háttar lagfæringar á lóðamörkum, legu gatna og stíga.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Selfossi, 28. október 2024.

F.h. bæjarstjórnar,

Rúnar Guðmundsson skipulagsfulltrúi.